



Ágúst 2020

Leiðbeiningar um skólastarf á háskólastigi

m.t.t. auglýsingar um takmörkun á samkomum vegna farsóttar, nr. 792/2020, sem gildir til 27. ágúst.

Almennt

- Háskólar bera ábyrgð á að farið sé eftir sóttvarnarreglum sem eru í gildi hverju sinni með öryggi og velferð nemenda, kennara og starfsfólks að leiðarljósi.
- Háskólar starfa í samræmi við nám- og kennsluskrár en námskipulag og framkvæmd getur breyst í takt við skilgreind áhættustig og takmarkanir.
- Mikilvægt er að skólar fylgist vel með líðan nemenda sinna og hafi yfirsýn yfir þá sem þurfa sérstakan stuðning.
- Áhersla er lögð á gott upplýsingaflæði til nemenda, kennara og starfsfólks um stöðu mála, úrræði og stuðning sem í boði er.
- Í hverjum skóla skal vera til staðar viðbragðsáætlun ef upp kemur smit eða grunur um slíkt. Leiðbeiningar þegar upp kemur smit eru að finna [hér](#).

Spurt og svarað

Hvaða sóttvarnaráðstafanir skal gera í háskólum?

1. Um öll svæði gildir að nemendur, kennrarar og annað starfsfólk á ekki að koma inn á svæði ef þau:
 - a. Eru í sóttkví.
 - b. Eru í einangrun (einnig meðan beðið er niðurstöðu sýnatöku).
 - c. Hafa verið í einangrun vegna COVID-19 smits og ekki eru liðnir 14 dagar frá útskrift.
 - d. Eru með einkenni (kvef, hósta, hita, höfuðverk, bein- eða vöðvaverki, þreytu).
2. Sameiginlega snertifleti þarf að þrífa og sótthreinsa a.m.k. daglega eða oftar eftir aðstæðum.
3. Sótthreinsa skal sameiginlegan búnað og snertifleti þegar nýr nemendahópur kemur í kennslustofu. Mælst er til að notaðir séu hanskar ef ekki er hægt að koma við handþvotti fyrir og eftir notkun þegar margir nota sömu vélar og tæki.
4. Lögð skal áhersla á einstaklingsbundnar sóttvarnar, s.s. handþvott og sótthreinsun.
5. Takmarka skal gestagang í skólum eins og kostur er. Brýna þarf fyrir gestum í skólunum að gæta ýtrrustu varkárni og virða reglur um sóttvarnar.
6. Mælst er til þess að veggspjöld til áminningar séu hengd upp í skolabyggingum. (Sjá: <https://www.covid.is/veggspjold>).
7. Bent er á [upplýsingar fyrir starfsmenn bókasafna](#) sem nýtast ættu bæði í skólastofum og skolabókasöfnum.

Hvaða nándarmörk eru í gildi?

1. Nándarmörk í öllu húsnæði skóla/fræðsluaðila eru minnst 1 metri, s.s. í sameiginlegum rýmum, skrifstofum, mötuneytum, veitingasölu, íþróttahúsum og í bóklegum og verklegum kennslustofum. Jafnframt er þar átt við að nemendum, kennurum og starfsfólk að tryggja a.m.k. eins metra bil sín í öllu skólastarfi.
2. Til að hægt sé að halda nándarmörk þarf að tryggja að of margir nemendur safnist ekki saman í sameiginlegum rýmum. Gangar eru eingöngu ferðaráymi á milli stofa.
3. Við aðstæður þar sem ekki er hægt að framfylgja nándarreglunni, s.s. í verklegri kennslu, listkennslu og klínísku námi skal nota andlitsgrímu sem hylur munn og nef. Við þær aðstæður skal leitast við að bæði kennari og nemandi beri grímu. [Tryggja þarf rétta notkun andlitsgrímunnar](#), sbr. 2. mgr. 4. gr. auglýsingar um takmörkun á samkomum vegna farsóttar

Ágúst 2020

4. Nándarmörk taka ekki til barna sem eru fædd árið 2005 og síðar.

Hvernig er fjöldatakmörkun útfærð í háskólum?

1. Fjöldatakmörkun kveður á um að fleiri en 100 einstaklingar megi ekki koma saman, hvort sem er í opinberum rýmum eða einkarýmum. Ef nemendur, kennarar og annað starfsfólk eru fleiri en 100 þarf að skipta skólanum upp í hólf og tryggja að enginn samgangur (blöndun) sé á milli hólfra. Auðvelt aðgengi að handþvottaaðstöðu og handspritti þarf að vera til staðar. Hvert skilgreint hólf þarf að vera greinilega aðskilið. Þau þurfa að hafa eigin inngang og útgang og enginn samgangur er heimilaður á milli hólfra. Salerni þurfa að vera aðskilin fyrir hvert hólf. (Sjá einnig upplýsingar um verknám, listnám og heimavistir)
2. Mælt er með að kennarar starfi innan eins hólfss. Ef ekki er hægt að koma öðru við geta þeir farið milli svæða en gæti þá sérstaklega að sóttvörnum.
3. Fjöldatakmörk taka ekki til barna sem eru fædd árið 2005 og síðar.

Hvaða stuðningur er í boði fyrir nemendur vegna COVID-19?

1. Skólar auglýsa fyrirkomulag stoðþjónustu á heimasíðu sinni.
2. Nemendur eru hvattir til að nýta sér stoðþjónustu skólanna.

Hvaða áhrif hefur nándarregla um minnst eins metra fjarlægð á nemendur í verk- og listnámi og klínísku námi?

1. Við aðstæður þar sem ekki er hægt að framfylgja nándarreglunni, s.s. í verklegri kennslu skal nota andlitsgrímu sem hylur munn og nef. Við þær aðstæður skal leitast við að bæði kennari og nemandi beri grímu. [Tryggja þarf rétta notkun andlitsgrímunnar](#).
2. Nemendur mega sækja vettvangsnám, starfspjálfun eða heimsóknir á vinnustaði í tengslum við námið, enda sé þar farið eftir reglum um sóttvarnir.
3. Nemendur geta komið fram á skólaviðburðum, s.s. tónleikum svo fremi hægt sé að virða fjöldatamarkanir og nándarreglu. Tryggja skal að hægt sé að hafa a.m.k. 2 metra á milli utanaðkomandi gesta.

Mega mötuneyti og veitingasölur starfa með hefðbundnum hætti?

1. Í gildi eru fjöldatamarkanir um hámark 100 einstaklinga í sama rými og nándarregla um minnst eins metra fjarlægð milli fólks. Mikilvægt er að huga vel að þrifum og sótthreinsun í sameiginlegum rýmum.
2. Sótthreinsa skal borð milli matargesta.
3. Þar sem hólfaskipting á við og fleiri en eitt hólf notar sama mötuneyti þarf að gæta þess að nemendur í mismunandi hólfum hittist ekki og að sérstaklega vel sé sótthreinsað áður en nýtt hólf fær aðgang að mötuneytinu.

Mega heimavistir starfa með hefðbundnum hætti?

1. Heimavist er heimili nemenda og þar ber að huga vel að sóttvörnum. Nemendur á heimavist sem deila herbergi eru skilgreindir sem tengdir einstaklingar.
2. Almennt skulu nemendur á heimavist gæta að nándarreglu um minnst eins metra fjarlægð, líkt og í öðru skólastarfi. Nýta má sameiginlega hreinlætisaðstöðu og sameiginleg rými á heimavist.
3. Ef íbúar á heimavist eru fleiri en 100 þarf að skipta vistinni upp í hólf og tryggja að enginn samgangur (blöndun) sé á milli hólfra og horfa þá einnig til þess hvernig hópaskiptingu er háttar í almennu skólastarfi. Auðvelt aðgengi að handþvottaaðstöðu og handspritti þarf að vera til staðar. Hvert skilgreint hólf þarf að vera greinilega aðskilið. Þau þurfa að hafa eigin inngang og útgang og enginn samgangur er heimilaður á milli hólfra. Salerni þurfa að vera aðskilin fyrir hvert hólf.

Ágúst 2020

Má halda viðburði á vettvangi skólanna? Ef svo, hvaða skilyrði eða viðmið eru í gildi?

1. Mælst er til þess að halda ekki almenna viðburði á vettvangi skólanna enda skal takmarka gestagang í skólum eins og kostur er.
2. Um samkomur innan skólabygginga gildir að allir verða að virða fjöldatakmarkanir (ekki fleiri en 100 í sama rými) og tryggja þarf að allir geti virt nándarreglu um minnst eins metra fjarlægð sín í milli.
3. Þá er brýnt að tryggja aðgengi að aðstöðu til handþvotta og sótthreinsunar, og gæta fyllsta hreinlætis.